

12.júní 2026

Tillaga um sölu á hlut sveitarfélaga í Orkugerðinni ehf.

Undirritaður leggur til að 31,83 prósent eignarhlutur sveitarfélaga í gegnum Sorpstöðu Suðurlands bs. verði seldur hæstbjóðenda.

Greinagerð

Orkugerðin ehf. hefur verið starfrækt í Flóahreppi frá árinu 2000 og verið að hluta í eigu Sorpstöðvar Suðurlands frá þeim tíma. Fyrirtækið sinnir mikilvægri þjónustu en að framleiðir próteinmjöl og fitu úr dýraleifum. Próteinmjölið eða kjötmjölið er notað sem áburður til uppgræðslu og fitan sem eldsneyti til orkuframleiðslu í verksmiðjunni en hluti hennar er seldur úr landi sesm lífdísselframleiðsla.

Margt hefur gengið á í rekstrinum en undanfarin ár er komin meiri stöðugleiki í fjármögnum og daglegan rekstur. Það eru þó talsverðar áskoranir framundan í tengslum við úrbætur t.d. vegna lyktar og síðan frekari uppbyggingar. Það má því segja að nú sé góður tímapunktur til að leyfa einkaaðilum að halda rekstrinum áfram, ná öllum tilskyldum leyfum og halda áfram að byggja upp fyrirtækið á næstu árum.

Eignarhlutur Sorpstöðvar Suðurlands er 31,83 prósent en bókfært verð í ársreikningi 2025 er kr.34.782.000-. Áætla má að söluandvirði geti verið eitthvað hærra og þyrfti að fá fagaðila með sveitarfélögunum í söluferlið.

Ný stjórn Sorpstöðvarinnar verður kosin á næstu vikum og gæti tillagan farið til umfjöllunar þar og í framhaldinu á öll aðildarsveitarfélög.

Hjalti Guðmundsson